

LUV: Lýðræðisvitund og valdefling ungmenna á landsbyggðinni



Davíð Arnar Stefánsson
Hugrún Harpa Reynisdóttir
Margrét Gauja Magnúsdóttir

Mars 2017





Davíð Arnar Stefánsson
Hugrún Harpa Reynisdóttir
Margrét Gauja Magnúsdóttir

LUV: Lýðræðisvitund og valdefling ungmenna á landsbyggðinni

Pekingarsetrið Nýheimar
Litlubrú 2
780 Höfn
<http://www.nyheimar.is>

Mars 2017

Ljósmyndir: Davíð Arnar Stefánsson

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Um verkefnið	3
3.	Í leit að áherslum	4
4.	Áherslur skilgreindar	6
5.	<i>Vertu þú sjálfur</i> – mótun og framkvæmd þjálfunar	8
6.	Mikilvægi kynningar	12
7.	Hugleiðingar og lærdómur	14

Formáli

Frá stofnun Þekkingasetursins Nýheima í Hornafirði hefur setrið beint sjónum sínum sérstaklega að ungu fólki á staðnum. Á undanförunum árum hefur Þekkingarsetrið tekið þátt í erlendum og innlendum verkefnum sem fást við hagi ungmenna á landsbyggðinni, hlutverk þeirra og framtíðarhorfur.

Markmiðið *LUV: lýðræðisvitund og valdefling ungmenna á landsbyggðinni* var að skilja stöðu ungs fólks og finna leiðir til að virkja hópinn og hvetja hann til að hafa áhrif á samfélagið. Tilgangurinn er að vekja íbúa og sveitastjórnafolk til umhugsunar um þátt ungmenna í samfélaginu og mikilvægi þess að hafa hagsmuni þess hóps að leiðarljósi, jafnt og annarra hópa, þegar teknar eru ákvarðanir um mótun samfélagsins. Einnig að hvetja ungt fólk til að taka þátt í mótun samfélagsins með beinum eða óbeinum hætti og byggja upp umhverfi sitt með hliðsjón af hugmyndum og þörfum ungs fólks. Það er sannfæring okkar sem að verkefninu stóðum að valdefling ungmenna til virkrar samfélagsþátttöku sé öflug leið til að bæta lífsgæði á landsbyggðinni og um leið sporna gegn viðvarandi atgervisflótta.

Byggðastofnun styrkti verkefnið með álitlegri upphæð úr Byggðarannsóknasjóði sem gerði kleift að framkvæma rannsóknina og ráðast í valdeflingu. Jafnframt var staðið fyrir ráðstefnu um stöðu ungs fólks á landsbyggðinni í tengslum við verkefnið. Fyrir hönd Þekkingasetursins Nýheima er Byggðastofnun færðar hinar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Sveitarfélaginu Hornafirði eru einnig færðar þakkir fyrir stuðning við verkefnið og framkvæmd ráðstefnunnar. Jafnframt þökkum við samfélaginu í Hornafirði fyrir áhugann á verkefninu og þátttökuna í helstu liðum þess. Án fólksins væri ekkert samfélag og án samfélagsins væri ekkert Þekkingarsetur.

Er það von aðstandenda verkefnisins að LUV verði öðrum aðilum og sveitarfélögum hvatning til þess að beina sjónum að málefnum ungs fólks á landsbyggðinni.

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Forstöðumaður Þekkingasetursins Nýheima

1. Inngangur

Kveikjan að verkefninu eru niðurstöður verkefnisins *Opposing Force* sem var fjölþjóðlegt verkefni styrkt af Erasmus+, sem Þekkingarsetrið Nýheimar var þátttakandi í á árunum 2014 - 2016. Verkefni það byggði á rannsókn Dr. Lottu Svensson¹, prófessors við Uppsala háskóla, á stöðu ungmenna á landsbyggðinni í Svíþjóð. Rannsókn Lottu beindi sjónum að atgervisflótta ungs fólks og sýna niðurstöður rannsóknarinnar að viðfangsefnið er eitt það mikilvægasta fyrir sveitastjórnir í dreifðari byggðum.

Ákvörðun ungs fólk um það að *vera* eða *fara* hefur ekki aðeins í för með sér áhrif fyrir einstaklinginn heldur einnig fyrir samfélagið sem hefur alið hann af sér. Greina má á niðurstöðum Lottu að sveitarstjórnafólk óttast að fólksfækkun með tilheyrandi lækkun skattstofna muni hafa neikvæð áhrif á velferð og lífsgæði á landsbyggðinni. Jafnframt eru fulltrúar atvinnulífsins uggandi um skort á starfsfólki og framtíðarhorfur fyrirtækjanna. Þá vakna einnig áleitnar samfélagslegar spurningar um lífsgæði íbúanna ef að ungt fólk yfirgefur sína heimabyggð í stórum stíl og þá óvissu sem því fylgir um framtíðarhorfur byggðarlaganna.

Margir samverkandi þættir hafa áhrif á búsetuval fólks til framtíðar. Ungt fólk á landsbyggðinni flyst gjarnan til þéttbýlisins í þeim tilgangi að afla sér frekari menntunar og í leit að atvinnutækifærum. Aðrir þættir geta þó haft áhrif á ákvörðun um brottflutning s. s. fjölbreyttara samfélag og fjölbreyttari afþreying. Rannsókn Lottu gaf til kynna að hið viðtekna viðhorf sé að ungt fólk eigi og verði að flytjast að heiman, skoða heiminn og upplifa að búa annarsstaðar. Þá dregur Lotta einnig fram þá útbreiddu upplifun ungmenna að þau hafi takmörkuðu hlutverki að gegna í heimabyggð, að þeim sé ekki boðið til þátttöku í samfélaginu, og hreinlega að nærveru þeirra sé ekki óskað nema að takmörkuðu leyti. Með öðrum orðum að tækifæri fyrir þau til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu séu fá og tækifærin til að hafa áhrif á mótun samfélagsins nánast engin.

Niðurstöður *Opposing force*² verkefnisins í Hornafirði sýna að margt er líkt með niðurstöðum Lottu, um stöðu ungmenna á landsbyggðinni í Svíþjóð, og þeim raunveruleika sem blasir við á Suðausturlandi á Íslandi. Atgervisflótti ungmenna hefur verið viðvarandi vandamál á landsbyggðinni á Íslandi líkt og í Svíþjóð. Ungt fólk í leit að menntun eða atvinnu þarf, og velur, gjarnan að flytjast búferlum í leit að tækifærum. Sveitarfélög landsbyggðarinnar standa því frammi fyrir þeirri áskorun að skapa þær aðstæður og það samfélag sem unga fólkið sér sem vænlegan búsetukost. Menntunar- og atvinnutækifæri ráða miklu um valið en ekki síður samfélagsgerð í heimabyggð og virkni ungmenna þar og upplifun þeirra af

¹ Svensson, L. (2006). Where do the winners go? *Linköping Studies in Education and Psychology*, 109. Linköping.

² Tallvid, K., Kenny, A., Svensson, L., Murphy, A. (2016). *Opposing Force: How to Combat the On-going Drain of Young Adults from Rural Areas*. Dataprint.ie: Dublin.

samfélaginu. Til þess að ungt fólk snúi aftur til heimabyggðar að námi loknu er afar mikilvægt að þau hafi jákvæða upplifun af búsetu í sínu samfélagi á landsbyggðinni. Það er mikilvægt að ungt fólk myndi tengsl við samfélagið og upplifi að það skipti máli.

Handbók þessari, sem er um leið lokaskýrsla verkefnisins, er ætlað að vera innlegg í umræðuna um ungt fólk á landsbyggðinni, stöðu þess og hvaða leiðir séu færar til að efla það og virkja. Einnig að vera þeim sem fara með málaflokkinn hvatning til að beina sjónum sínum sérstaklega að ungmennum í umræðu um lífsgæði á landsbyggðinni. Handbókin er ekki hugsuð sem fræðirit heldur sem leiðbeiningar og því ætti hún að vera áhugaverð fyrir hvern þann sem hefur áhuga á málefnum ungs fólks.

Handbókin skiptist í sjö kafla, á eftir inngangi er kafli sem greinir stuttlega frá verkefninu sjálfu, uppruna þess og þeim hugmyndum er liggja að baki LUV. Í kafla 3 er gert grein fyrir aðferðum könnunarinnar, þ. e. hvaða aðferðum var beitt við að afla gagna sem ætlað var að vera forsenda verklega hluta verkefnisins, þ.e. fræðslunnar og valdeflingarinnar. Í 4. kafla er gerð grein fyrir greiningu gagna og helstu niðurstöðum þeirra. Kafli 5 inniheldur hvernig ákvarðanir voru teknar um áherslur fræðslunnar og val á leiðbeinendum. Í 6. kafla er fjallað um mikilvægi kynningar og upplýsingagjafar til að vekja athygli og skapa umræður í samfélaginu um verkefnið. Í síðasta kafla koma fram n. k. lokaorð sem innihalda hugleiðingar og þann lærdóm sem má draga af framkvæmd verkefnisins.

2. Um verkefnið

Kveikjan að LUV voru niðurstöður fyrri rannsókna Þekkingasetursins Nýheima á högum ungs fólks sem höfðu það að markmiði að finna leiðir til að sporna við atgervisflótta ungmenna af landsbyggðinni. Niðurstöðurnar gáfu til kynna takmarkaða lýðræðisvitund ungs fólks og þörf fyrir valdeflingu þess. Svo virðist sem að ungmenni á landsbyggðinni séu í mörgum tilfellum einangraður hópur með litla þekkingu á stöðu sinni og skyldum í samfélaginu. Þá er samfélagsþátttaka hópsins takmörkuð og vísbendingar um að lítil eftirspurn sé eftir þátttöku þeirra. Einnig kom fram ákall eftir valdeflingu og sjálfstyrkingu fyrir hópin sem upplifði sig illa undirbúinn til að hafa sig í frammi.

Hugmyndin að LUV felur í sér að kanna Lýðræðisvitund ungmenna á landsbyggðinni, þörf fyrir valdeflingu, og með hvaða hætti sé æskilegt að framkvæma valdeflinguna. Grundvallar hugmyndin er sú að kanna stöðu ungmenna í samfélaginu, hvað hvílir helst á hópnum og stærstu áskoranir. Með þeim hætti er unnt að klæðskerasauma valdeflingarnámskeið að þörfum og áherslum ungmenna á staðnum.

Markmið LUV var:

- Að framkæma viðhorfskönnunn meðal ungs fólks um stöðu þeirra og þekkingu í lýðræðissamfélagi.
- Að kanna helstu viðfangsefni ungs fólks og þarfir fyrir fræðslu eða valdeflingu
- Að kanna með hvaða hætti væri best staðið að fræðslu og valdeflingu

Tilgangurinn með LUV var að þróa og prófa aðferð til að auka samfélagsþátttöku ungs fólks. Jafnframt að skrifa handbók sem inniheldur og útskýrir þær aðferðir sem hægt er að beita við viðangsefnið, opin og aðgengileg hverjum þeim sem fæst við málefni ungmenna.

3. Í leit að áherslum

Grundvallarhugmynd verkefnisins var að byggja áherslur fræðslunnar og fyrirkomulag hennar á hugmyndum ungmennanna sjálfra. Í samræmi við það var ákveðið að framkvæma eigindlega könnun. Takmark eigindlegra rannsóknaraðferða er ekki að alhæfa yfir á stærri hóp heldur að skilja sýn þátttakenda á eigin reynsluheimi. Hins vegar geta niðurstöður úr eigindlegum rannsóknum gefið vísbendingar um hópinn sem slíkan³. Í tilfalli þessa verkefnis var tekin ákvörðun um að framkvæma rýnihópa meðal ungmenna þar sem aðferðin þótti henta markmiðum rannsóknarhluta verkefnisins vel. Sem rannsóknaraðferð þykja rýnihópar heppileg aðferð þegar markmið rannsóknar er að kynnast sýn viðmælanda á eigið líf, upplifun og reynslu. Ákvörðun um framkvæmd rýnihópa var einnig tekin með hliðsjón af því að þátttaka í rýnihópi um tiltekið málefni sem snertir þátttakendur getur í sjálfri sér verið valdeflandi. Þar eru þátttakendur í lokuðum hópi sem veitir gjarnan aukið öryggi til þess að tjá sig og bera skoðanir sínar á borð fyrir aðra.

Rýnihóparannsókn er rannsóknaraðferð þar sem gögnum er safnað frá mörgum þátttakendum á sama tíma. Umræðum hópsins er stýrt af umsjónarmanni sem styðst við viðtalsramma um ákveðið málefni og geta umræður þróast í ýmsar áttir eftir áherslum innan hópsins. Þátttakendur hafa tækifæri til að spyrja hvert annað, vera sammála eða ósammála, og tjá sig sín á milli⁴. Þegar vel gengur geta rýnihópar skilað rannsakenda gögnum sem aðrar aðferðir eiga ekki jafn gott með að draga fram og geta niðurstöður verið óvæntar. Sé rýnihóparannsókn vel framkvæmd býður aðferðin uppá opið og þægilegt umhverfi og geta þátttakendur kafað djúpt í viðfangsefnið⁵. Hentar aðferðin vel þegar verið er að sækjast eftir mörgum gildum og mismunandi viðhorfum til að öðlast skilning á viðfangsefninu.

Rannsóknarhluti verkefnisins fól í sér framkvæmd þriggja rýnihópa meðal ungmenna í Hornafirði. Rýnihópana skipuðu alls 20 einstaklingar á aldrinum 13-20 ára. Kynjahlutfall var nokkuð jafnt en í hópnum voru 11 stúlkur og 9 drengir. Ákveðið var að hafa hópana aldurskippta: Nemendur í 9. og 10. bekk Grunnskóla Hornafjarðar skipuðu einn þeirra, nemendur á aldrinum 16-20 ára í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) skipuðu annan, þann síðasta skipuðu ungmenni á aldrinum 17-21 árs sem eru utan skóla og búsett á staðnum. Þátttakendur í rýnihópunum voru valdir með slembiúrtaki úr hópi nemenda grunn- og framhaldsskólans. Við val á þátttakendum í þann hóp ungmenna sem standa utan skóla var aftur á móti markvissu úrtaki beitt til að tryggja jöfn kynjahlutföll og aldursdreifingu. Var ákveðið að gera það með þeim hætti vegna þess að um lítið þýði er að ræða og því

³ Taylor, S.J. & Bogdan, R. (1998). *An introductions to qualitative research methods: A guidebook and resource* (3. útg.). New York: John Wiley and Sons.

⁴ Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*. London: SAGE publications.

⁵ Wilkinson, S. (1998). Focus group methodology: a review. *International Journal of Social Research Methodology*, 1, 181-203.

nauðsynlegt að handvelja úr hópnum til að tryggja breyturarnar: Kyn og aldur. Rannsakandi hafði samband við einstaklinga er lentu í úrtaki og einnig við foreldra þeirra þátttakenda sem voru yngri en 18 ára og fengið var leyfi þeirra. Þá var fengið skriflegt samþykki allra þátttakenda óháð aldri. Afar mikilvægt er að fengið sé leyfi persónuverndar þegar grennslast er fyrir um persónulega hagi þátttakenda, ekki síst þegar kannanir ná til ólögráða einstaklinga og var það gert í þessu tilfelli.

Tveir starfsmenn verkefnisins voru viðstaddir framkvæmd rýnihópanna: Rannsakandi 1 var í hlutverki spyrils og stýrði umræðum, rannsakandi 2 sá um að rita punkta og fylgjast með samskiptum og umræðum innan hópsins. Leitað var álits sérfræðinga við mótun viðtalsrammans.

Rýnihóparnir voru hljóðritaðir og afritaðir í kjölfarið. Með afritun er átt við að umræður í rýnihópi eru ritaðar orðrétt niður til frekari greiningar síðar. Gögn rannsóknarinnar voru þemagreind, við afritun þeirra fór fram ákveðin frumgreining gagna eða upphafskóðun. Að lokinni afritun allra rýnihópa hófst nákvæmari greining gagna með afmarkaðri kóðun þeirra. Markmið hennar var að ná utan um sameiginleg og ólík meginþemu sem koma fram í umræðum rýnihópanna. Að verkefninu loknu var öllum gögnunum eytt til að vernda friðhelgi þátttakendanna.

4. Áherslur skilgreindar

Að lokinni greiningu gagna var unnt að skilgreina áherslur þjálfunar út frá þeim hugtökum, áherslum og þemum sem birtast í gögnum rannsóknarinnar. Þar sem markmið verkefnisins var að valdefla ungt fólk var við þemagreiningu sérstaklega leitað eftir þemum sem snúa að þeirra eigin hæfni. Með því var reynt að tryggja að áherslur þjálfunar tækju alfarið mið af þörfum ungmenna og mati þeirra á eigin styrkleikum og veikleikum.

Í þessum kafla verður farið stuttlega yfir þau þemu sem komu hvað oftast fram og ungmennin mátu mikilvæg. Þau þemu sem fram komu tengjast flest innbyrðis og hafa einnig sum hver sameiginlega tengingu við ákveðin einkenni samfélagsins sem ungmennin eru hluti af.

Sjálfsstraust eða skortur á sjálfsstrausti kemur ítrekað fram sem hindrun þegar kemur að samfélagsþátttöku og virkni meðal ungmenna. Hópurinn er upptekinn af umtali og viðbrögðum samfélagsins sem verður þess valdandi að einstaklingarnir hafa sig síður í frammi. Í þeirra huga felst sjálfsstraust í því að láta sér fátt um finnast og koma skoðunum sínum og verkum á framfæri án ótta við umtal.

Smæð samfélagsins kemur einnig ítrekað fram sem hindrandi þáttur þegar kemur að samfélagsþátttöku. Bent er á að í smáu samfélagi sé mikilvægt að hver og einn sé virkur til að styrkja samfélagið en einnig til að auka fjölbreytnina. Um leið kemur fram að vegna smæðarinnar þá sé erfitt að stíga fram, skera sig úr hópnum, og taka af skarið. Í þessu felst ákveðin þversögn sem undirstrikar þörfina fyrir sjálfstyrkingu og valdeflingu í þeim tilgangi að hvetja ungmenni til virkni í samfélaginu. Með fræðslu skipast tækifæri til efla einstaklinginn í framkomu og samskiptum, og um leið kenna félagsfærni og samskiptahæfni sem gagnast hópnum og samfélaginu sem heild. Jafnframt má gera ráð fyrir að með valdeflingu verði hópnum síður umhugað um almannaróm eða hvað öðrum finnst um þeirra framtak.

Annað og tengt umræðuefni sem endurtekið kom fram er hve erfitt það getur verið **að vera maður sjálfur**. Aftur kemur fram sú upplifun að ástæða sé til þess að óttast dóm samfélagsins, umtal og jafnvel fordóma. Hér leikur smæð samfélagsins aftur hlutverk en á annan hátt en áður er getið. Það er trú ungmennanna að auðveldara sé að fylgja eigin sannfæringu í stærra samfélagi þar sem auðveldara er að hverfa í fjöldann. Í smærra samfélagi er lítið svigrúm til þess að vera öðruvísi og getur svo smávægilegt atriði sem óvenjulegt fataval vakið athygli samfélagsins. Einnig nefna þau að „vinsælir“ einstaklingar búi við meira frjálsræði hvað þetta varðar, þar sem ákveðnir einstaklingar hafi nægilega sterka stöðu til að mega vera öðruvísi. Af ótta við viðbrögð virðast ungmennin halda aftur af sér og bæla niður eigin hugmyndir og langanir sem þau telja að falli ekki að geðþótta samfélagsins. Máli sínu til rökstuðnings nefna ungmenni sem dæmi einstaklinga sem hafi átt undir högg að sækja heimafyrir en hafi blómstrað við það eitt að flytja burt frá staðnum.

Hugrekki er þriðji þátturinn sem kemur reglulega fram og þá sérstaklega það að þora að fylgja eigin sannfæringu og standa með sjálfum sér. Þannig kemur skýrt fram sú hugmynd að þeir sem eru samfélagslega virkir hafi til þess hugrekki og hafi sjálfstraust til að stíga fram og láta af sér kveða í samfélaginu og óttist ekki umtal eða athygli.

Þekking á lýðræði og kunnátta í lýðræðislegum vinnubrögðum er áberandi þema og augljóst að mikil þörf er meðal ungs fólks fyrir fræðslu um viðfangsefnið. Ungt fólk hefur mikla trú á mikilvægi lýðræðisins en engu að síður virðist þekking þeirra takmörkuð og virðast þau ekki hafa djúpan skilning á þýðingu þess. Trú þeirra á mikilvægi lýðræðisins byggir fyrst og fremst á hinu samfélagslega viðhorfi og orðræðu um ágæti lýðræðisins.

Í rýnihópunum þremur kom skýrt fram heldur neikvætt viðhorf ungs fólks til stjórn mála og stjórn málafólks. Pólitík er í þeirra huga leiðinleg og staðalmynd stjórn málfólksins afar óspennandi. Þannig birtast þátttakendur í stjórn málum sem „feitir, miðaldra, sköllóttir karlar í jakkafötum“ sem þau samsvara sér ekki með. Ungmennin eru sammála um að mikil þörf sé fyrir fræðslu í lýðræðislegum vinnubrögðum og tungumáli stjórn mála. Ber þeim saman um að ekki sé á þau hlustað og því sé mikilvægt að gera þau hæf til þess að taka þátt í pólitískri umræðu. Benda þau á að með auknum skilningi þeirra megi jafnframt stuðla að jákvæðara viðhorfi þeirra til stjórn mála og stjórn málafólks.

Form og framkvæmd fræðslunnar skiptir ungmennin miklu máli. Skýrt kom fram frá rýnihópunum þremur hvernig námskeiðið og þjálfunin ætti að fara fram, eða hvernig hún ætti ekki að fara fram. Fram kom að hóparnir mega ekki vera of stórir vegna þess að þátttakendurnir vilja geta upplifað sig örugga og geta tjáð sig af einlægni. Einnig kom skýrt fram hvaða eiginleikum leiðbeinandinn þarf að vera gæddur og skiptir trúverðugleiki hans miklu máli, þ.e. að þátttakendurnir geti speglað sjálfa sig í honum samsvarað sig með honum. Þá þarf leiðbeinandinn einnig að vera einlægur, geta sett sig í spor þátttakenda og haft hæfileika til að skemmta hópnum. Jafnframt kom fram skýr ósk um verklega kennslu og raunhæf viðfangsefni til að fást við, verkefni sem sprottin eru úr þeirra raunveruleika og hafa skírskotun í þeirra daglega líf og aðstæður.

5. Vertu þú sjálfur – mótun og framkvæmd þjálfunar

Næsta skref var að ákveða hverskonar fræðsla væri við hæfi miðað við þá þætti/þemu sem fram komu í rýnihópunum. Jafnframt að velja sérfræðinga í hverjum þætti fyrir sig til að sinna fræðslunni. Til hliðsjónar voru hafðar skoðanir þátttakenda sem fram komu í rýnihópunum, um hvernig og með hvaða hætti fræðslunni væri best komið til skila svo að hún næði til þeirra.

Viðfangsefnin voru:

- Hugrekki
- Sjálfstraust
- Lýðræðisfræðsla

Form og framkvæmd fræðslunnar:

- Verklegr fræðsla
- Raunhæf viðfangsefni sprottin úr daglegu lífi þátttakenda

Eiginleikar leiðbeinanda:

- Einlægur
- Hafa hæfileika til að geta sett sig í spor þátttakenda
- Hafa hæfileika til að skemmta hópnum

Með hliðsjón af þeim þáttum sem skilgreindir hafa verið hér að framan var tekin sú ákvörðun að standa fyrir námskeiði sem samanstæði af lýðræðisfræðslu, sjálfstyrkingu og valdeflingu. Í framhaldinu var leitað hófana með leiðbeinendum sem að féllu að hugmyndum þátttakenda um fyrirmyndarfræðara.

Ákveðið var að höfða til ungmenna á aldrinum 13 - 16 ára annars vegar, og 16 - 20 ára hins vegar. Námskeiðið var öllum áhugasömum opið og auglýst í héraðsblaðinu og á netmiðlum. Einnig var sveitarfélaginu gert viðvart og boðum komið til grunnskólans, félagsmiðstöðvarinnar og félagsþjónustunnar. Framhaldsskólinn á staðnum var hafður með í ráðum og hvatti hann áhugasama nemendur til þátttöku. Þá var námskeiðið einnig kynnt fyrir íþróttafélaginu sem einnig stuðlaði að þátttöku sinna iðkenda.

Þátttaka var með besta móti eða 35 einstaklingar (28 stúlkur og 7 drengir) í yngri hópnum, og 12 einstaklingar (8 stúlkur og 4 drengir) í eldri hópnum. Það verður að teljast góð þátttaka í svo smáu samfélagi en sveitafélagið telur um 2200 íbúa. Innheimt var hóflegt gjald fyrir þátttökuna í þeim tilgangi að svara kostnaði en einnig til að skapa kostnaðarvitund og skuldbindingu gagnvart námskeiðinu meðal þátttakenda. Þá er rétt að fram komi að Sveitarfélagið Hornafjörður styrkti þátttakendur sem þeir töldu mikilvægt að sæktu námskeiðið. Þar með var komið í veg fyrir að áhugasöm ungmenni gætu ekki sótt námskeiðið vegna bágrar fjárhagstöðu eða takmarkana heima fyrir. Einnig var sótt um að námskeiðið

myndi falla undir niðurgreiðslureglur sveitarfélagsins, um íþrótt- og tómstundastyrki, og var það samþykkt.

VERTU ÞÚ SJÁLFUR!
Viltu öðlast sjálfstraust og læra að fara út fyrir kassann og vera þú sjálfur?
KOMDU ÞÁ Á SJÁLFSSTYRKINGARNÁMSKEIÐ Í NÝHEIMUM!

13-15 APR

KRISTÍN TÓMASDÓTTIR	MIÐVÍKUDAG	02.03	18:00-22:00
ÓISLI MARTEINN	FIMMTUDAG	03.03	18:00-22:00
MAGGA GAUJA	ÞRIÐJUDAG	07.03	18:00-22:00
AGNAR JÓN	ÞRIÐJUDAG	14.03	18:00-22:00
GUÐMUNDUR ARI	ÞRIÐJUDAG	21.03	18:00-22:00

16-20 APR

ÓISLI MARTEINN	MIÐVÍKUDAG	02.03	18:00-22:00
KRISTÍN TÓMASDÓTTIR	FIMMTUDAG	03.03	18:00-22:00
MAGGA GAUJA	ÞRIÐJUDAG	08.03	18:00-22:00
AGNAR JÓN	ÞRIÐJUDAG	15.03	18:00-22:00
GUÐMUNDUR ARI	ÞRIÐJUDAG	22.03	18:00-22:00

VERÐ: 15.000,-

Námskeiðinu var skipt í fimm þætti, samtals voru kennslustundir 40 og bauðst hverjum þátttakenda 20 stundir af fræðslu á 5 dögum á u. þ. b. þriggja vikna tímabili. Við tímasetningar námskeiðisins varð að hafa í huga að leiðbeinendur komu flestir um langan veg og gera varð ráð fyrir að samgöngur gætu legið niðri. Í þeim tilgangi að koma skilaboðum til þátttakenda og foreldra þeirra með einföldum hætti var stofnuð síða á Facebook sem reyndist vel við upplýsingamiðlun um framgang og fyrirkomulag

Markmið fræðslunnar var að valdefla ungt fólk og efla hæfni þess í þeim tilgangi að stuðla að aukinni virkni þess og þátttöku í samfélaginu. Við afmörkun efnistaka fræðslunnar og við val á sérfræðingum til að sinna fræðslu námskeiðisins var eins og áður segir tekið mið af þeim áherslum sem fram komu í rýnihópum. Að lokinni þemagreiningu var ljóst að tvö megin þemu komu sérstaklega sterkt fram í gögnunum: Skortur á sjálfstrausti annars vegar; og skortur á kunnáttu og þekkingu á lýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum hins vegar. Ekki aðeins hlutu þessi þemu sérstakt vægi í umræðu unga fólksins heldur má einnig tengja þau við önnur þemu sem einkenndu gögnin. Megin þemun sjálf tengjast svo með margvíslegum hætti og byggja þau oft á sömu persónulegu þáttum einstaklinga. Þeir þættir sem eru forsenda sjálfstrausts eru um leið líklegir til þess að stuðla að aukinni hæfni einstaklinga þegar kemur að lýðræðislegri þátttöku. Jafnframt má færa fyrir því rök að sjálfstraust sé forsenda þess að einstaklingar séu virkir þátttakendur í lýðræðinu en um leið þurfa þeir að búa yfir þekkingu á því til þess að hafa sjálfstraust og hugrekki til að taka þátt. Með því að

leggja áherslu á þessi tvö meginþemu var því í senn hægt að skapa ákveðna samfellu í námskeiðinu og um leið snerta á sem flestum þáttum sem ungmennin leggja áherslu á.



Agnar Jón Egilsson hristir hópinn saman í upphafi námskeiðisins Vertu þú sjálfur

Þörf ungmenna fyrir sjálfstyrkingu er greinileg og skortir þeim sérstaklega sjálfstraust og hugrekki til að hafa sig í frammi. Endurspeglast það meðal annars í því hve umhugað þeim er um umtal og viðbrögð samfélagsins við framtaki þeirra. Skortur á sjálfstrausti hefur að þeirra mati umtalsverð neikvæð áhrif á virkni þeirra og þátttöku í samfélaginu. Ákveðið var að leggja áherslu á umfjöllun um jákvæða sjálfsmynd, framkomu, tjáningu og ræðumennsku. Allt eru þetta undirstöðupættir fyrir virkni einstaklinga. Jafnframt má leiða líkum að því að aukin færni þeirra hvað þessa þætti varðar hafi jákvæð áhrif á sjálfstraust þeirra og hugrekki. Fræðslan fól einnig í sér sérstaka umfjöllun um þægindarammann og þann ótta sem getur fylgt því að taka það skref að fara út fyrir sinn persónulega þægindaramma.

Takmarkaður skilningur ungmenna á lýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum kallar á fræðslu sem styrkir þau til þátttöku. Einnig er mikilvægt að slík fræðsla upplýsi þau um tækifæri þeirra til áhrifa í samfélaginu. Enn fremur að hún vinni gegn neikvæðu viðhorfi til stjórn mála og stjórn málafólks til að stuðla að vilja þeirra til þátttöku í pólitík.

Fimm sérfræðingar sáu um þætti námskeiðisins:

1. Kristín Tómasdóttir fræddi þátttakendur námskeiðisins um sjálfsmyndina, hvernig hægt er að læra að þekkja eigin sjálfsmynd og kynnti hún aðferðir til að styrkja sjálfsmyndina. Kristín er rithöfundur og fyrirlesari og hefur mikla reynslu af sjálfsstyrkingarstarfi með börnum og unglingum. Kristín er með BA-próf í sálfræði og

kynjafræði og hefur hún skrifað sjálfsstyrkingarbækur fyrir unglunga og heldur reglulega námskeið fyrir ungt fólk.

2. Margrét Gauja Magnúsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur, stjórnmalakona og aðgerðasinni, fjallaði einnig um sjálfsmyndina og sérstaklega um áhrif staðalmynda. Sjálfsmynd og staðalmyndir kynjanna komu fyrir í rýnihópum þar sem þátttakendur ræddu að þeir ættu erfitt með að samsvara sig kynjaskiptu samfélagi og hefðbundnum staðalmyndum kynjanna. Margrét notaðist við hlutverkaleiki og lét þátttakendur setja sig í spor annarra til að fást við samkenndina.
3. Agnar Jón Egilsson fræddi þátttakendur einnig um þætti tengda sjálfstrausti og sjálfsstyrkingu en þó með öðrum áherslum en Kristín og Margrét. Agnar kenndi aðferðir til þess að fara út fyrir þægindarammann og ögra sjálfum sér. Fór hann einnig ítarlega í framkomu og tjáningu og hvernig megi takast á við óttann og allt það sem fylgir því að hafa sig í frammi.
4. Gísli Marteinn Baldursson fjölmiðlamaður og fyrrverandi borgarfulltrúi kenndi ræðumennsku og framkomu. Fór hann yfir þær áskoranir sem fylgja því að koma fram, koma skoðunum sínum á framfæri og hugmyndum sínum í framkvæmd. Fjallaði hann einnig um lýðræðisleg vinnubrögð og stjórnsýslu en hann hefur viðamikla reynslu á því sviði.
5. Guðmundur Ari Sigurjónsson tómstundafræðingur fjallaði einnig um lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð. Guðmundur Ari er menntaður tómstundafræðingur og starfar sem verkefnastjóri við félagsmiðstöðina Selið á Seltjarnarnesi. Þá hefur hann hlotið viðurkenningar fyrir störf sín með ungmennaráði þar í bæ. Hann notast við raunveruleg verkefni og hlutverkaleiki í bland við fyrirlestra við sína fræðslu.

Öll fræðsla námskeiðsins fól í sér verklega þátttöku ungmenna og áhersla lögð á að nálgast viðfangsefnið á líflegan og skemmtilegan hátt. Óhætt er að segja þátttakendur hafi sinnt námskeiðinu af áhuga og mætt vel. Almenn ánægja var meðal þátttakenda og foreldra með framtakið en sambærileg námskeið eru sjaldan í boði fyrir ungt fólk í Hornafirði. Í lok námskeiðsins var nokkurs konar útskrift þar sem þátttakendur fengu afhent viðurkenningarrskírteini fyrir þátttökuna með hvatningarorðum.

6. Mikilvægi kynningar

Tilgangur LUV var að móta aðferð til að meta stöðu ungs fólks í litlu sveitarfélagi á landsbyggðinni og þróa leiðir til að efla hópinn til þátttöku í samfélaginu og uppbyggingu þess. Hlutverk LUV var einnig að vekja athygli á hlutskipti ungs fólks í samfélaginu í Hornafirði, meðal kjörinna fulltrúa og stjórnarsýslunnar, en einnig meðal íbúa. Það var því nokkuð viðamikill þáttur innan LUV að miðla þeim upplýsingum sem fengust með framkvæmd rannsóknarhluta þess um stöðu ungs fólks á svæðinu. Með því að kynna verkefnið og miðla niðurstöðum var reynt að hvetja til umræðu um stöðu ungs fólks á landsbyggðinni.

Svo að samfélagslegt verkefni eins og LUV nái tilætluðum árangri er nauðsynlegt að vekja athygli á því og skapa umræðu um tilgang þess, meðal ráðamanna en ekki síður samfélagsins. LUV var ætlað að koma af stað breytingum á aðstæðum ungs fólks en til þess að svo megi verða þarf samfélagslegt og samstillt átak svo að áhrif þess lifi áfram eftir að verkefninu er lokið.

Niðurstöðum verkefnisins var miðlað með greinaskrifum í héraðsblaðið og einnig voru haldin kynningarerindi um verkefnið. Fulltrúar verkefnisins kynntu það á starfsmannafundi í Grunnskóla Hornafjarðar þar sem kennarar og starfsfólk skólans hlýddi á og ræddi um niðurstöður. Einnig var verkefnið kynnt á rannsóknadegi Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn þar sem bæjarfulltrúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar var boðið til þess að koma og hlýða á niðurstöður verkefnisins. Það var enn fremur kynnt á Norrænu byggðaráðstefnunni "Nordic Ruralities: Crisis and Resilience" sem haldin var á Akureyri í maí 2016 og svo aftur á Byggðaráðstefnu Byggðastofnunar sem haldin var á Breiðdalsvík í september 2016.



Staðið var fyrir ráðstefnunni Hvað á ég að gera hér? - #ungtfólkútalandi þar sem fjallað var um líf og tilveru ungs fólks á landsbyggðinni. Markmið ráðstefnunnar var að koma saman aðilum sem starfa með ungu fólki til að fræðast og ræða um samfélagsþátttöku, jafnréttismál, lýðræðisvitund og valdeflingu ungmenna. Fyrirlesarar voru sérfræðingar í stöðu ungs fólks og miðluðu þeir af reynslu sinni og sögðu frá niðurstöðum rannsókna sinna. Tilgangurinn var að ræða stöðu og aðstæður ungmenna í dreifðum byggðum, hvar sé helst úrbóta þörf, og hvaða leiðir séu færar til að bæta hag ungmenna á landsbyggðinni. Ráðstefnan var einnig liður í því að stuðla að samtali í nærsamfélaginu um stöðu ungs fólks. LUV var kynnt á ráðstefnunni ásamt því að ungmenni sem tekið höfðu þátt í valdeflingarverkefnum Þekkingarsetursins fluttu erindi um lýðræðisvitund ungs fólks. Ráðstefnan sem markaði endapunkt LUV heppnaðist afar vel og fóru þar saman áhugaverð erindi og líflegar umræður.



Þátttakendur í valdeflingaverkefnum á vegum Þekkingarsetursins Nýheima miðla af reynslu sinni á ráðstefnu í Þekkingarsetrinu um stöðu ungs fólks á landsbyggðinni

7. Hugleiðingar og lærdómur

Sú nálgun að sníða námskeið LUV að áherslum ungmenna reyndist vel. Endurspeglast það meðal annars í fjölda þátttakenda í námskeiðinu sem augljóslega hitti í mark hjá markhópnum. Enn fremur reyndist framkvæmd rýnihópa árangursrík leið til þess að kanna upplifun ungmenna á tilveru sinni og til þess að fá fram helstu áhersluatriði þeirra. Verkefnið er því gott dæmi um þann árangur sem hlýst af því að gefa ungu fólki rödd þegar unnið er að málefnum þeirra. Ungmennin eru hinir raunverulegu sérfræðingar í málefnum ungs fólk og að loknu verkefninu stendur upp úr hversu skýra sýn unga fólk í Hornafirði hefur á stöðu sinni. Það gerir sér fulla grein fyrir afskiptaleysi í sinn garð en einnig fyrir sínu framtaksleysi. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að þessi hópur hefur sama rétt og aðrir hópar til að taka þátt í samfélaginu og mótun þess og að gera á kröfu um þátttöku þess og framlag. En til þess að svo megi verða þarf hópurinn að eiga sér málþípu sem hann hefur ekki í dag nema að takmörkuðu leyti. Því er rétt að hér komi fram sú skoðun framkvæmdaraðila LUV að samtal, t. a. m. málþing eða hreinlega rýnihópar eru fyrirtaks leið til koma hugmyndum ungs fólk á framfæri við stjórnábylgju og samfélagið. Jafnframt felur sú leið í sér valdeflingu fyrir hópinn sem sannarlega er þörf.

Við kynningu á verkefninu heima fyrir kom í ljós að margt í niðurstöðum þess kom ráðamönnum og íbúum á óvart. Helgast það kannski fyrst og fremst af því að ákveðin gjá virðist vera milli ungs fólk og hinna eldri í samfélaginu. Ung fólk sem augljóslega hefur lítið sjálfstraust hefur sig lítið í frammi á vettvangi hinna eldri og sömuleiðis hefur samfélagið ekki leitað markvisst eftir þátttöku þess. Virðist samfélagið fast í viðjum vanans hvað þetta varðar og ákveðin hefð vera fyrir aldursskiptingu samfélagsins. Opin umræða þarf að eiga sér stað um þær samfélagslegu hindranir sem ungmennin upplifa og er það hlutverk samfélagsins alls að ryðja þeim úr vegi. Þar sem verkefnið var kynnt mátti merkja að niðurstöður komu á óvart og almennt er vilji til þess að bregðast við þeim upplýsingum sem verkefnið skilaði og vinna að úrbótum.

Hvað varðar persónulegar hindranir þá er ljóst að ungmennin kalla eftir tækjum og tólum sem gera þeim kleift að sigrast á þeim hindrunum. LUV veitti með námskeiði sínu ákveðin tæki og tól sem ungmenni í Hornafirði nýttu sér en betur má ef duga skal og er mikið verk óunnið. Hin ýmsu námskeið standa ungmönnum á höfuðborgarsvæðinu til boða en framboð á slíkum námskeiðum er takmarkað á landsbyggðinni. Þar er úrbóta virkilega þörf því vitanlega hafa ungmenni landsbyggðarinnar jafn ríka þörf fyrir slík úrræði og jafningjar þeirra í þéttbýlinu.

Ungmönnum var tíðrætt um smæð samfélagsins sem þau telja vera ákveðna hindrun. Lítið samfélag er búið sömu kostum og göllum og stórt samfélag. Munurinn felst aftur á móti í því að kostir og ókostir verða greinilegri í smærra samfélagi heldur en stóru. Þannig verða kostir eins og samstaða og samtakamáttur; og ókostir eins og félagslegt taumhald og umtal greinilegri í fámenni heldur en fjölmenni. Þar sem kostirnir og gallarnir ná frekar upp á

yfirborðið heldur en ella. Fjölbreytni og fábreytni eru aðrir þættir sem skilja að smærri og stærri byggðir. Fábrotin samfélagsgerð er í hugum flestra fráhrindandi og lítt til þess fallin að auka á lífsgæði íbúanna og getur stuðlað að atgervisflótta. Hins vegar er fjölbreytt samfélagsgerð sem endurspeglar alla hópa samfélagsins líkleg til að auka á lífsgæði íbúanna og stuðla að heilbrigðum vexti samfélagsins. Til að stuðla að fjölbreyttu samfélagi verða allar raddir samfélagsins að heyrast og íbúar að hafa stöðu og hlutverk í samfélaginu. Þar verður að vera frjósamur jarðvegur fyrir fólk á öllum aldri til að koma skoðunum sínum á framfæri og hugmyndum sínum í framkvæmd. Það er ábyrgð ráðamanna að skapa þann jarðveg en einnig samfélagsins að opna faðminn fyrir ólíkum hópum og ólíkum hugmyndum.

Ef marka má niðurstöður LUV þá virðist ungt fólk vera utangátta í samfélaginu og óvirkt. Þar sem atgervisflótti hefur lengi verið ein helsta áskorun samfélaga á landsbyggðinni er afar mikilvægt að sveitastjórnir í smærri byggðum skapi aðstæður og tækifæri fyrir ungt fólk til að láta rödd sína heyrast, feli þeim hlutverk og geri kröfur um þátttöku þess. Jafnframt þarf samfélagið að opna augu og eyru fyrir hópnum og bjóða hann velkominn til þátttöku í hverskyns félagsstarfi. Ef ekki, má búast við að unga fólknið leyti annað eftir tækifærum og lífsgæðum.



Þátttakendur taka við viðurkenningarskírteini í lok Vertu þú sjálfur

Staða sveitarfélaga á Íslandi er ólík og möguleikarnir til að sinna ungu fólkni eru mismunandi. Það liggur í hlutarins eðli að lítil og fámenn samfélög úti á landi hafa ekki öll bolmagn til að

sinna hópnum með sama hætti og gert er á höfuðborgarsvæðinu þar sem afþreying og stuðningur er í flestum tilfellum með besta móti. Ekki síst vegna þessa verða samfélög landsbyggðarinnar að leggja sig sérstaklega fram við að hlúa að hópnum. Til þess eru margar leiðir og sumar ólíkar því sem tíðkast í borginni. Verkefni eins og LUV er gott dæmi um slíkar leiðir sem skila árangri og um leið vekja athygli á málefnum ungs fólks. En áhrifin vara aðeins í stutta stund, fáein ár í besta falli ef ekki er framhald á. Því er mikilvægt að smærri byggðir séu sífelld vakandi yfir stöðu og málefnum ungs fólks og leiti tækifæra til að styrkja hópinn með öllum tiltækum ráðum. Það sýnir reynslan af LUV að fyrsta skrefið ætti að vera að ræða við hópinn og kynnast hugmyndum hans um samfélagið.